

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Þorlákshöfn, íbúðabyggð við Hafnarberg.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Ölfushrepps þann 28. janúar 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir íbúðabyggð við Hafnarberg, Þorlákshöfn, dagsett 4. janúar 1999.

Deiliskipulagið er fyrir fjórar einbýlishúsalóðir, eina parhúsalóð og eina raðhúsalóð við Hafnarberg, nr. 12 til 28, norðan við Leikskólann Bergheima í Þorlákshöfn.

Skipulagsskilmálar fyrir íbúðabyggð í Þorlákshöfn gilda fyrir þetta svæði og hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 20. apríl 1999.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Ölfushrepps,

Sigurður Jónsson.

8. apríl 1999

Nr. 244

AUGLÝSING

um útgáfu starfsleyfis fyrir Sörporkustöð Skaftárhrepps, Kirkjubæjarklaustri.

Hollustuvernd ríkisins hefur gefið út starfsleyfi fyrir Sörporkustöð Skaftárhrepps, Kirkjubæjarklaustri, kt. 480690-2069. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Starfsleyfið öðlast gildi við birtingu þess í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 31. mars 2003.

Reykjavík, 8. apríl 1999.

Hollustuvernd ríkisins, mengunarvarnir,

Hermann Sveinbjörnsson forstjóri.

Ólafur Pétursson.

7. apríl 1999

Nr. 245

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 593/1993 um málsmeðferð og valdsvið eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

1. gr.

Á eftir 1. gr. c. bætist við ný grein, 1. gr. d., sem orðast svo:

Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/98 frá 31. júlí 1998 skal eftirtalin EB-gerð öðlast gildi hér á landi, með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 1 (um altæka aðlögun) og öðrum ákvæðum samningsins:

- reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 447/98 frá 1. mars 1998 um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 um eftirlit með samfyllkingum fyrirtækja.